

Föstudagurinn 9. mars 2001

163. fundur samkeppnisráðs

Ákvörðun nr. 10/2001

**Ákvörðun um dagsektir  
vegna vanrækslu Augnanna okkar ehf. á að  
fjarlægja auglýsingaskilti með  
firmanafninu Gleraugnabúðin**

**I.**

**Málavextir**

**1.**

Með ákvörðun samkeppnisráðs nr. [26/2000](#)<sup>1</sup>, frá 28. ágúst 2000, var með vísan til 25. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993, Augunum okkar ehf. bannað að nota firmanafnið Gleraugnabúðin eitt og sér í auglýsingum, á auglýsingaskiltum og á annan hátt í tengslum við gleraugnaverslanir sínar í Hagkaupi í Skeifunni og Nýkaupi í Kringlunni. Bannið tók gildi sjö dögum eftir birtingu ákvörðunarinnar. Með úrskurði áfrýjunarnefndar samkeppnismála nr. [10/2000](#)<sup>2</sup>, frá 10. nóvember 2000, var framangreind ákvörðun samkeppnisráðs staðfest.

Í byrjun desember 2000, var athygli Samkeppnisstofnunar vakin á því að Augun okkar notuðu enn firmanafnið Gleraugnabúðin á auglýsingaskiltum sem notuð eru sem auðkenni á verslunum fyrirtækisins, bæði í Hagkaupi í Skeifunni og Nýkaupi í Kringlunni. Með bréfi Samkeppnisstofnunar, dags. 7. desember 2000, til Ásgeirs Þórs Árnasonar hrl. lögmanns Augnanna okkar var þess krafist að fyrirtækið hætti þá þegar allri notkun á firmanafninu og var til þess gefinn tíu daga frestur frá dagsetningu bréfsins.

Hinn 14. desember 2000 barst Samkeppnisstofnun bréf með tölvupósti frá Augunum okkar þar sem óskað var eftir fresti fram í febrúar 2001 til þess að fjarlægja framangreind auglýsingaskilti. Var það gert á þeim forsendum að það tæki lengri tíma en ætlað var að hanna nýtt auðkenni á gleraugnaverslanirnar. Með bréfi Samkeppnisstofnunar til Augnanna okkar, dags. 2. janúar 2001, var

---

<sup>1</sup> Kvörtun Gleraugnabúðarinnar yfir notkun Augnanna okkar ehf. á firmanafninu Gleraugnabúðin

<sup>2</sup> Augun okkar ehf. gegn samkeppnisráði

frestsbeiðninni hafnað á þeim forsendum að það væri ekki á valdi Samkeppnisstofnunar að breyta úrskurði áfrýjunarnefndar og veita slíkan frest. Í bréfinu var sú krafa ítrekuð að allri notkun Augnanna okkar á firmanafninu Gleraugnabúðin yrði þegar hætt. Í tölvupósti 17. janúar sl. tilkynna Augun okkar stofnuninni að farið verði í málið. Hinn 25. janúar 2001 svarar Samkeppnisstofnun tölvupósti Augnanna okkar þar sem fyrirtækið spurðist fyrir um annað mál og óskaði stofnunin jafnframt upplýsinga um umrædd auglýsingaskilti. Svar barst frá fyrirtækinu sama dag þar sem upplýst var að verið væri að vinna að málinu.

Hinn 20. febrúar 2001 sendi Samkeppnisstofnun bréf til Augnanna okkar þar sem fyrirtækinu var veittur lokafrestur til kl. 14:00 föstudaginn 23. febrúar 2001 til þess að fjarlægja auglýsingaskiltin. Þá sagði í bréfinu að yrði því ekki sinnt innan nefnds frests mætti búast við að ákvörðun um álagningu dagsekta yrði tekin án frekari tafa á grundvelli XIII. kafla samkeppnislaga.

Áður en fresturinn rann út var sú breyting gerð á auglýsingaskiltunum að endingunni .is var bætt aftan við firmanafnið Gleraugnabúðin. Bera gleraugnaverslanir Augnanna okkar því nú nafnið Gleraugnabúðin.is.

## 2.

Hinn 26. febrúar sl. sendi Samkeppnisstofnun bréf til Augnanna okkar. Þar segir að ákvörðun samkeppnisráðs um mál þetta byggir m.a. á því að firmanafnið Gleraugnabúðin hafi verið skráð í Firmaskrá Reykjavíkur árið 1965 og hafi fyrirtækið verið rekið undir því nafni síðan. Með skráningu firmaheitisins og einkum langri notkun þess telji áfrýjunarnefnd samkeppnismála að færð hafi verið næg rök fyrir því að það hafi öðlast markaðsfestu sem hafi leitt til einkaréttar yfir heitinu. Verndin nái m.a. til þess að önnur fyrirtæki noti ekki nafnið Gleraugnabúðin eitt og sér þannig að ruglingshætta skapist. Notkun Augnanna okkar á firmanafninu Gleraugnabúðin skapi ruglingshættu og fari í bága við fyrrgreindan einkarétt Gleraugnabúðarinnar. Þá segir í bréfinu:

*„Að mati Samkeppnisstofnunar er breyting sú sem gerð hefur verið á auglýsingaskiltum verslananna ekki fullnægjandi þar sem ruglingshætta er enn fyrir hendi og firmanafn Gleraugnabúðarinnar er enn notað. Mat þetta byggir á því að endingin .is í tengslum við firmanafnið Gleraugnabúðin vísi enn sem fyrr til eiganda firmanafnsins.*

*Samkeppnisstofnun fær því ekki betur séð en breyting Augnanna okkar á auglýsingaskiltunum í Gleraugnabúðin.is fari gegn ákvörðun samkeppnisráðs og úrskurði áfrýjunarnefndar í máli þessu. Notkunin á firmanafninu sé enn til þess fallin að gefa villandi upplýsingar um eignarrétt eða ábyrgð atvinnurekanda og brjóti því gegn ákvæðum fyrri málsliðar 25. gr. samkeppnislaga.“*

Þá var Augunum okkar gefinn frestur til kl. 12:00 á hádegi fimmtudaginn 1. mars 2001 til þess að koma að athugasemdum.

Afrit bréfsins var sent Lárusi L. Blöndal hrl., lögmanni Gleraugnabúðarinnar.

### 3.

Athugasemdir Augnanna okkar bárust Samkeppnisstofnun með tölvupósti 27. febrúar sl. Þar segir að fyrirtækið hafi hlítt úrskurði samkeppnisráðs með því að nota ekki firmanafnið Gleraugnabúðin eitt og sér. Gleraugnabúðin.is sé ekki skráð í Firmaskrá og geti því ekki talist eign Gleraugnabúðarinnar. Þá segir í athugasemdunum:

*„Augun okkar hafa kosið að kalla verslanir sínar Gleraugnabúðin.is og er með engum hætti verið að vísa til verslunar á Laugaveginum sem ber nafnið Gleraugnabúðin Helmut Kreidler, eins og það er ritað á öllum skiltum og auglýsingum.*

*Augun okkar tóku lén á leigu hjá Intis með það markmið að vista heimasíðu. Þegar heimasíða félagsins er skoðuð (er reyndar enn í vinnslu) kemur það skýrt fram að búðirnar eru staðsettar í Skeifunni og í Kringlunni og tengjast með engum hætti umræddri verslun á Laugaveginum.*

*Gleraugnabúðin.is ætlar að vera gleraugnabúð sem er einnig starfandi á netinu og er þetta tenging okkar við netið. Með því að banna notkun á endingunni .is mætti ætla að bannað væri að nota nafnið Gleraugnabúðin í öllu samhengi þó svo það væri tengt eða notað í samhengi með öðrum nöfnum.*

*Til þess eru dæmi að ekki séu öll fyrirtæki með sama lén og nafn verslunarinnar eða starfseminnar, oft er um styttingu eða annað nafn að ræða eins og t.d. mbl.is og þess má geta að Ungfrú Ísland er ekki sama keppnin og Ungfrú Ísland.is. Augun okkar eiga nú afnotarétt að léni þessu og er það með öllu óskiljanlegt að ekki sé leyfilegt að nota það né auglýsa.“*

#### 4.

Athugasemdir Augnanna okkar voru, þann 28. febrúar 2001, sendar lögmanni Gleraugnabúðarinnar til umsagnar. Svar lögmannsins er dagsett 2. mars sl. Þar segir að það sé mat Gleraugnabúðarinnar að notkun Augnanna okkar á nafninu Gleraugnabúðin.is sé skýlaust brot á ákvæðum 25. gr. samkeppnislaga og engu breyti þótt .is hafi verið skeytt við nafnið. Sama ruglingshættan sé fyrir hendi. Þá segir í bréfinu:

*„Að öðru leyti sér umbj. minn ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um þetta mál en bendir á að með úrskurði sínum í fyrra ágreiningsmáli, hafa bæði samkeppnisráð og áfrýjunarnefnd samkeppnismála, fjallað efnislega um samskonar athugasemdir og fram koma í bréfi Augnanna okkar ehf. og hefur ekkert nýtt fram komið af hálfu þess sem réttlætir þessa notkun á firmanafni umbj. míns.“*

#### 5.

Bréf lögmanns Gleraugnabúðarinnar var boðsent Augunum okkar, þann 2. mars sl., og var þeim veittur frestur til að koma að athugasemdum til kl. 12:00 á hádegi þriðjudaginn 6. mars. Jafnframt var þeim tilkynnt að að þeim fresti liðnum yrði málið lagt fyrir samkeppnisráð til ákvörðunar. Engar athugasemdir bárust.

## II.

### Niðurstöður

Á fundi samkeppnisráðs, þann 9. mars 2001, var ákvörðun tekin í máli þessu. Fundinn sátu Brynjólfur Sigurðsson, Atli Freyr Guðmundsson, Hrund Hafsteinsdóttir, Karitas Pálsdóttir og Sigurbjörn Magnússon.

#### 1.

Í máli því sem hér um ræðir hafa samkeppnisyfirvöld frá því úrskurður áfrýjunarnefndar nr. 10/2000 lá fyrir, ítrekað krafist þess að Augun okkar hætti allri notkun á firmanafninu Gleraugnabúðin í tengslum við gleraugnaverslanir fyrirtækisins í Hagkaupi í Skeifunni og Nýkaupi í Kringlunni. Var það gert með stoð í 25. gr. samkeppnislaga og á grundvelli ákvörðunar samkeppnisráðs nr. 26/2000, sbr. úrskurð áfrýjunarnefndar. Þrátt fyrir það var ekki hreyft við auglýsingaskiltum þeim sem notuð eru sem auðkenni fyrir gleraugnaverslanir

Augnanna okkar fyrr en skömmu áður en lokafrestur til þess rann út, föstudaginn 23. febrúar 2001. Þá var gerð sú breyting á skiltunum að endingunni .is var bætt við firmanafnið Gleraugnabúðin.

Af gögnum málsins má ráða að Augun okkar telja að með þessari breytingu hafi fyrirtækið hlítt ákvörðun samkeppnisráðs um að nota firmanafnið ekki eitt og sér. Enn fremur hafi Augun okkar fengið úthlutað lénnafninu Gleraugnabúðin.is hjá Intís, (nú Isníc) enda standi til að Augun okkar starfræki verslun á Internetinu með því nafni. Á heimasíðu fyrirtækisins komi skýrt fram að verslanirnar séu staðsettar í Skeifunni og Kringlunni. Óásættanlegt sé að Augun okkar sem hafi afnotarétt að lénnafninu Gleraugnabúðin.is, megi ekki nota nafnið til auglýsinga eða á annan hátt, enda sé ekki verið að vísa til verslunar á Laugaveginum sem beri nafnið Gleraugnabúðin Helmout Kreidler.

Á hinn bóginn er það mat Gleraugnabúðarinnar að engu breyti þótt skeytt hafi verið .is við firmanafn Gleraugnabúðarinnar. Ruglingshætta sé enn fyrir hendi og því brjóti notkunin enn gegn 25. gr. samkeppnislaga.

## 2.

Hvað varðar málsástæður Augnanna okkar um að Gleraugnabúðin beri nafnið „Gleraugnabúðin Helmout Kreidler“ og að nafnið Gleraugnabúðin.is sé ekki skráð í firmaskrá og geti því ekki talist eign Gleraugnabúðarinnar, vísar samkeppnisráð til framangreindrar ákvörðunar sinnar þar sem segir að firmað Gleraugnabúðin hafi verið skráð í Firmaskrá Reykjavíkur árið 1965 og hafi fyrirtækið verið rekið með því nafni frá þeim tíma og að með skráningunni öðlist eigandi að jafnaði einkarétt til nafnsins. Jafnframt hefur samkeppnisráð aflað sér þeirra upplýsinga frá Firmaskrá Reykjavíkur að nafnið Gleraugnabúðin.is fengist ekki skráð þar sem firmanafn, vegna þess hve líkt það er firmanafninu Gleraugnabúðin.

Í þeim tilgangi að hindra ruglingshættu milli Gleraugnabúðarinnar og verslana Augnanna okkar var í ákvörðun samkeppnisráðs nr. 26/2000 Augunum okkar bannað að nota firmanafnið Gleraugnabúðin eitt og sér í auglýsingum, á auglýsingaskiltum og á annan hátt í tengslum við gleraugnabúðir sínar. Að mati samkeppnisráðs minnkar ruglingshættan ekki við það eitt að skeyta endingunni .is aftan við firmanafnið Gleraugnabúðin. Firmanafnið stendur enn eitt og sér með endingu sem gefur til kynna að Gleraugnabúðin hafi opnað vef með lénnafninu Gleraugnabúðin.is sem eykur jafnvel enn á ruglingshættuna.

Þegar litið er til vefsíðunnar sjálfur er þar ekkert sem bendir til annars en að tengsl séu á milli Gleraugnabúðarinnar og verslana Augnanna okkar. Sem dæmi má taka að upphafsetning fyrstu síðu hennar hefst svo: „*Gleraugnabúðin hefur verið...*“. Að mati samkeppnisráðs eru því Augun okkar enn sem fyrr að gefa neytendum og öðrum viðskiptamönnum Gleraugnabúðarinnar þau skilaboð að tengsl séu á milli verslananna.

Hjá Isnic sem úthlutar lénnöfnum með endingunni .is hér á landi, eru gerðar þær kröfur að stjórnunarlegur tengiliður lénnafns hafi íslenskt ríkisfang. Um úthlutun sjálfs lénnafnsins gildir meginreglan „*fyrstur kemur fyrstur fær*“ um forgang til skráningar tiltekinna lénnafna. Í því felst að svo fremi enginn sé skráður fyrir því lénnafni sem sótt er um og skilyrðum um ríkisfang sé fullnægt er nafninu úthlutað til umsækjanda. Engar kröfur eru gerðar til þess að umsækjandi sýni fram á rétt sinn til notkunar nafnsins að öðru leyti. Að mati samkeppnisráðs veitir því skráning lénnafnsins Gleraugnabúðin.is ekki aukinn rétt til notkunar firmanafnsins Gleraugnabúðin.

Samkeppnisráð er því sammála því mati Samkeppnisstofnunar, sem fram kom í bréfi stofnunarinnar til Augnanna okkar dags. 26. febrúar sl., að breyting sú sem gerð hefur verið á auglýsingaskiltum fyrirtækisins sem staðsett eru við gleraugnaverslanir þess í Hagkaupi í Skeifunni og Nýkaupi í Kringlunni sé ekki fullnægjandi. Ruglingshætta sé enn fyrir hendi þar sem firmanafn Gleraugnabúðarinnar er enn notað. Mat þetta byggir á því að endingin .is í tengslum við firmanafnið Gleraugnabúðin vísi enn sem fyrr til eiganda firmanafnsins.

Það er mat samkeppnisráðs að breyting Augnanna okkar á auglýsingaskiltum í Gleraugnabúðin.is, fari gegn framangreindri ákvörðun samkeppnisráðs og úrskurði áfrýjunarnefndar. Framsetning firmanafnsins á auglýsingaskiltunum er enn til þess fallin að gefa villandi upplýsingar um eignarrétt eða ábyrgð atvinnurekanda og brýtur því gegn ákvæðum fyrri málsliðar 25. gr. samkeppnislaga. Fyrirtækið hefur með því að virða að vettugi ákvörðun samkeppnisráðs vanrækt ótvíræða lagaskyldu.

Skv. 53. gr. samkeppnislaga getur samkeppnisráð, ef ekki er farið að ákvörðun sem samkeppnisyfirvöld hafa tekið samkvæmt samkeppnislögum, lagt á dagsektir þar til farið verður að ákvörðuninni. Með dagsektum er átt við þvingunaraðferð til þess að knýja fram efndir. Telur samkeppnisráð óhjákvæmilegt að beita heimild 53. gr. samkeppnislaga og taka ákvörðun um

álagningu dagsekta vegna framangreindrar vanrækslu Augnanna okkar á að fjarlægja auglýsingaskilti með firmanafninu Gleraugnabúðin.

### III.

#### Ákvörðunarorð:

„Augun okkar ehf., Skeifunni 15, Reykjavík, hafa með því að nota firmanafnið Gleraugnabúðin með endingunni .is ekki farið að ákvörðun samkeppnisráðs nr. 26/2000, samanber úrskurð áfrýjunarnefndar samkeppnismála nr. 10/2000, sem bannaði fyrirtækinu að nota firmanafnið Gleraugnabúðin eitt og sér í auglýsingum, á auglýsingaskiltum og á annan hátt í tengslum við gleraugnaverslanir sínar í Hagkaupi í Skeifunni og Nýkaupi í Kringlunni.

Augun okkar ehf. skulu innan sjö daga frá birtingu þessarar ákvörðunar fara að framangreindri ákvörðun samkeppnisráðs sbr. úrskurð áfrýjunarnefndar. Hafi Augun okkar ehf. ekki farið að ákvörðun þessari innan tilskilins frests leggur samkeppnisráð dagsektir á Augun okkar ehf. með heimild í 53. gr. samkeppnislaga. Skulu Augun okkar ehf. greiða fimmtíu þúsund krónur á dag þar til farið hefur verið að ákvörðun þessari.”